

Þrátt fyrir jákvæðan tilgang þeirra breytinga sem við stöndum frammi fyrir varðandi inntöku í háskólanám vill Heilbrigðisvísindasvið Háskóla Íslands koma eftirfarandi á framfæri.

Heilbrigðisvísindasvið (HVS) tekur undir umsögn Háskóla Íslands frá 27. nóvember sl. (#8), *að almenn inntökuskilyrði í háskóla þurfi að tryggja að nám sem veitir almennan aðgang að háskólum innihaldi sameiginlegan kjarna sem undirbúi nemendur fyrir nám á hvaða fræðasviði sem er.* Þessi sjónarmið eru síðan ítrekuð í umsögn Háskóla Íslands um frumvarpið sem sent er inn í dag, 9. mars.

Reynsla deilda HVS sýnir að nokkur fjöldi nemenda sem sækir þangað nám hefur ekki nægilegan undirbúning fyrir nám í raungreinum, t.d. náttúrufræði, eðlisfræði, efnafræði og stærðfræði og eiga því í erfiðleikum með að takast á við háskólanámið með viðunandi árangri. Í flestum tilfellum er námsefnið á ensku sem sumir nemendur eiga nú þegar erfitt með að lesa og skilja og því er ljóst að nemendum er enginn greiði gerður með því að minnka kröfur um inntökuskilyrði í háskóla sem felur í sér minni undirbúning í ofangreindum greinum. Í þessu samhengi komumst við ekki hjá því að hugsa hvort nauðsynlegt verði í framtíðinni að auka verulega kynningu á innihaldi háskólanáms þannig að nemendur viti að hverju þau gangi, og hvort inntökupróf og jafnvel sérstakt undirbúningsnám verði óhjálpslegt, og hver gæti greitt kostnað sem þessu fylgdi.

F.h. Heilbrigðisvísindasviðs Háskóla Íslands

Inga Þórsdóttir